

Mál nr. 373/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys við dekkjaskipti 23. júlí 2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.11.2016, ásamt fylgigögnum og tölvupósti lögmanns M dags. 21.11.2016.
Bréf V, dags. 17.11.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M, starfsmaður X, var að vinna við að skipta um dekk á dráttarvél sem samstarfsmaður hans hafði verið að vinna við áður en dekkið sprakk. M kveðst í framburðarskýrslu hjá lögreglu hafa verið kallaður á vettvang til að aðstoða samstarfsmann sinn og þegar þeir hafi verið að tjakka dráttarvélinu upp hafi hún runnið af tjakknum með þeim afleiðingum að M festist með annan handlegginn undir dráttarvélinni, en hann hafi þá ætlað að setja bókka undir vélinu til að halda henni stöðugri á tjakknum. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að samstarfsmaður M lýsti málsatvikum með svipuðum hætti, þ.e. að hann hafi verið að tjakka dráttarvélinu upp og M hafi ætlað að koma fyrir bókka undir vélinni þegar hún hafi runnið af tjakknum. Í skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 2. febrúar 2016, kemur fram að orsök slyssins sé sú að tjakkur hafi skriði undan hásingu og lent á handlegg M, tjakkurinn hafi ekki verið svokölluðum „bolla“ sem eykur stöðugleika þegar byrði er lyft og að undirlag hafi ekki verið fullnægjandi. Í málskoti kemur síðan fram að M telur að dráttarvélin hafi runnið af tjakknum þar sem samstarfsmaður M hafi tekið einhvers konar aukaslag, sem hafi leitt til þess að dráttarvélin hrökk sérstaklega af tjakknum.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu og rekur það til þess að samstarfsmaður hans hafi sýnt gáleysi við það að tjakka upp dráttarvélinu, með því að hafa tekið einhvers konar aukaslag sem hafi leitt til þess að vélin hrökk af tjakknum. Einnig vísar M til þess að sami samstarfsmaður hafi stjórnað aðgerðum á vettvangi og ekki geti staðist að hann hafi sjálfur verið að tjakka vélinu upp þegar slysið varð, þar sem annar handleggur hans hafi verið undir vélinni til að koma bókka fyrir til að tryggja stöðugleika hennar. M byggir einnig á að X hafi vanrækt skyldur sínar við skipulag vinnu sem þessarar, hættulegra sé að skipta um dekk á dráttarvélum en venjulegum bifreiðum og ekki hafi legið fyrir skriflegt áhættumat vegna verksins, eins og kveðið er á um í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Það að auki hafi verklagi verið breytt eftir slysið og kvaddir til sérstakir viðgerðarmenn í tilfellum sem þessum.

V telur ósannað að líkamstjón M sé hægt að rekja til sérstakra athafna samstarfsmanns hans, ekkert komi fram um það í framburði þeirra hjá lögreglu og verði að líta svo á að frekar sé um að ræða óhappatilviljun, að dráttarvélin hafi runnið af tjakknum í umrætt sinn. Undirlagið sem notað var, grasflöturinn, hafi verið óstöðugur sem og hafi verið notaður tjakkur sem hafi ekki haft sérstakan „bolla“. Framkvæmd verksins hafi hins vegar verið í höndum M sjálfs og aðstæður því ekki á ábyrgð X.

Álit.

Við mat á því hvernig vinnu var hátað við dekkjaskipti á dráttarvél í eigu X í greint sinn verður ekki annað séð af gögnum málsins en að M hafi þar komið að því að ákveða það verklag sem notað var. Ekki telst nægilega sannað að sérstakar athafnir samstarfsmanns hans, eins og að hann hafi tekið sérstakt aukaslag á tjakkinn, hafi leitt til þess að dráttarvélin rann af tjakknum þannig að hendi M festist undir henni. Verður líkamstjón M heldur ekki rakið til þess að forsvarsmenn X hafi getað gert sérstakar ráðstafanir í greint sinn heldur telst M sjálfur hafa ráðið því hvernig verkið var framkvæmt. Sú framkvæmd verður ekki metin öðrum til gáleysis og telst því ekki sannað að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M í greint sinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.